REGLUGERÐ
um bann við handfæraveiðum suður af Látrabjargi.

1. gr.

Frá og með 1. júní til og með 31. ágúst, eru allar handfæraveiðar bannaðar á svæði suður af Látrabjargi sem markast af línum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 65° 30, 20' N – 24° 32, 10' V
2. 65° 26, 60' N – 24° 37, 90' V
3. 65° 17, 00' N – 23° 47, 00' V
4. 65° 25, 00' N – 23° 42, 29' V

Að norðan markast svæðið af ströndinni.

Bannið gildir ekki um handfæraveiðar á makríl.

2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 30. júlí 2007